



Grunnskóli Hornafjarðar

Fimmtudagsval eftir áramót tímabil 3 og 4

7. – 9. bekkur



Munið að lesa vel hvað er í boði svo þið séuð viss um
að vilja það sem þið veljið

Valhópar í 7. – 9. bekk janúar - maí 2017

Valtíminn er 60 mínútur og er á fimmtudögum kl. 13:00. Tvö valtímabil verða fram að vori, það fyrra hefst 5. janúar og það síðara 2. mars. Einstaka val tekur yfir bæði tímabilin og er það tekið sérstaklega fram. Hver nemandi á að velja sér tvo hópa númer 1, tvo númer 2 og tvo númer 3. Reynt verður að koma öllum í fyrsta val en reynslan sýnir að er það ekki alltaf hægt og því er mikilvægt að nemendur séu sáttir við allt sem þeir velja sér.

1. Freestyle

Finnst þér gaman að dansa? Ef svo er að þá er freestyle eitthvað fyrir þig.



Nemendur læra 1 - 2 dansa og er hver dans samsetning af mörgum flottum sporum. Ef vel gengur verður svo haldin danssýning (ekki skylda) fyrir aðra nemendur skólans.

2. Útsaumur

Í þessu vali er hægt að sauma út mynd eða texta sem hægt er að setja á púða, mynd eða hvað sem manni dettur í hug. Útsaumur býður upp á mikla möguleika sem gaman er að vinna með.

3. Hekl og prjón

Í þessu vali er heklað og prjónað og nemendur hafa val um hvort þeir gera. Kósý stundir í textílstofunni.



4. Fingrasetning



Hér er farið í að æfa rétta fingrasetningu, læra stöðu bókstafa á lyklaborðinu til að æfa og bæta innsláttarhraða sinn án þess að þurfa að horfa á lyklaborðið.

5. Skólahreysti

Æft verður fyrir skólahreysti sem verður haldin á Egilsstöðum í mars. Mikið þrek, armbeygjur, upphíingar, dýfur og hreystigrip.



6. Íþróttaval



Í þessu vali verða hinar ýmsu íþróttagreinar teknar fyrir, fótbolti, handbolti, körfubolti, bandý, bandminton, blak og snjóboltastrið. Markmiðið er að allir taki vel á því og hafi gaman af.

7. Skólablað

Býr blaðamaður í þér? Ef svo er, er tilvalið að koma í skólablaðsval og taka þátt í að skrifa og gefa út skólablað Heppuskóla. Ýmis hlutverk bjóðast svo sem; fréttamennska, slúður-blaðamennska, söfnun og samning auglýsinga, uppsetning og prentun svo fátt eitt sé talið.

8. Útimatreiðsla

Matreiðsla er sívinsæl enda lífsnauðsynlegt fyrir alla að borða en í þessum tímum verður allur matur eldaður úti við. Þátttakendur í þessum valhópi verða að koma vel klæddir í skólann þá daga sem valið er.



9. Glersmiðja



Í glersmiðju verða unnir munir úr gleri annað hvort sem mósaík-munir eða einfaldir Tiffanys-glermunir. Hugmyndir að mósaík-munum eru til dæmis kertastjakar, speglar og veggmyndir.

Tiffanys-glermuni má nota sem styttur eða sem gluggaskraut.

Smiðjan verður staðsett í smíðastofunni. Ímyndunaraflinu verður gefinn laus taumurinn og sköpun skiptir öllu máli í þessari smiðju.

10. Kökur og köuskreytingar

Nemendur læra að baka bæði kökur og bollakökur og síðan skreyta þeir þær með smjörkremsi og sykurmassa.



11. Pokémonsmiðja

Farið verður yfir grunnatriði Pokémon í þessari smiðju þar sem uppruni og persónur verða skoðaðar. Farið verður stuttlega yfir sögu þáttanna og




bíómyndanna og jafnvel horft á eitthvað Pokémon efni. Einnig verður farið út að veiða Pokémona og Pokémon GO leikurinn ræddur, eiginleikar Pokémona og annarra hluta leiksins ræddir.

12. Spilaval

Í valinu kynnumst við ýmiskonar borðspilum sem spiluð eru í smærri og stærri hópum. Spil eins og Kaleidos, Village-Varúlfaspil, Apple and apple, Catan, Dixit, Suspend, Fiasko, Carrgassone, Ticket to ride, Sequence o.fl. sambærileg spil. Við kynnumst spilunum og reglum sem fylgja hverju spili fyrir sig.

13. Heimavinna

Vantar þig aðstoð við heimanám? Langar þig að spjalla um heima og geima? Viltu reyna þig í stærðfræðispilum eða þrautum? Mælt er með því að þeir sem vilja fá ró og næði komi í þennan hóp. Þar verður nóg að gera en allt í rólegri kantinum.



14. Stærðfræði

Viltu verða betri í stærðfræði? Viltu ná meiri árangri, læra meira, fá meiri aðstoð, þá skaltu endilega koma í þetta val.


15. Golf

Þetta val er fyrir þá sem vilja læra golf eða verða betri í golfi. Staða, grip, sveifla og fleira kennt og æft. Þetta val verður einungis kennt á fyrra tímabilinu og þeir sem velja það verða sjálfir að koma með golfsettið.



16. Skák og bridge

Lögð er áhersla á að nemendur hafi gaman og gagn af skákinni. Læri opnanir og lokanir og fái að spreyta sig. Einnig verður bridge kynnt og áhugasömum þátttakendum kennd undirstaðan.



17. Hlutverkaleikur – gefum ímyndunaraflinu lausan tauminn

Nemendur fá að kynnst nýjustu útgáfu hlutverkaspilsins Dungeons and Dragons (5. útgáfa). Nemendur læra að skapa sína eigin persónu út frá reglum leiksins, velja sér útlit, hæfileika, hlutverk og baksögu persónu sinnar. Þegar persónur eru fullskapaðar er hægt að hefja leikinn sem snýst um að leikmenn sýni samstöðu og leysi ákveðin verkefni sem leikstjórnandi felur þeim. Eina sem nemendur þurfa að hafa með sér er góða skapið og vilja til að skapa og taka þátt í ævintýri þar sem álfar, orkar, dvergar, seiðkarlar og ófreskjur verða á vegi spilarans.



18. Verklegar tilraunir og náttúruskoðun

Nemendur kynnast aðferðum verklegra tilrauna og gera nokkrar stuttar og einfaldar tilraunir.

Nemendur vinna með náttúruna kring um skólann og skoða í hinum ýmsu verkfærum sem tengjast náttúrufræðinni s.s. víðsjám og smásjám.

19. Heimurinn í kring um okkur

Valið byggist á því að horfa á valda náttúrulífspætti (t.d. David Attenborough) og ræða síðan um efni þáttanna og koma með hugmyndir að úrlausnum á vandamálum sem þar koma fram.

20. Jóga, hugleiðsla og slökun

Nemendur læra einfaldar grunnstöður í jóga, læra slaka á og hugleiða. Slökun og hugleiðsla getur hjálpað einstaklingum til að efla einbeitingu sína og getur dregið úr kvíða. Ef íþróttamenn bæta jóga við æfingarnar hjá sér þá geta þeir oft aukið getu sína til muna í íþróttinni með því að losa um spennu í vöðvum og liðkað liði sem hafa verið undir álagi. Auk þess geta þeir minnkað streitu þar sem þeir geta beitt slökun til að stjórna spennu og bætt þannig árangur sinn.

21. Sphero forritun og þrautalausnir

Í valinu kynnast nemendur því að forrita Sphero sprk kúlu í gegnum I-Pad. Kúluna er hægt að nota til að leysa ýmsar þrautir og verkefni, bæði á landi og vatni, allt eftir hugarflugi þess sem forritar hverju sinni. Valið sameinar nám og leik í skemmtilegri þrautakeppni.

22. Söngur

Farið í grunnæfingar og tækni í söng og nokkur létt lög sungin.

23. Kátakot

Finnst þér gaman að vera með börnum? Kanntu skemmtilega leiki, bæði inni og úti sem þú gætir kennt og farið í með yngri börnum? Í Kátakoti eru börn í 1.-4. bekk sem langar mikið að fara í leiki með eldri krökkum. Þetta val gæti verið á öðrum dögum en fimmtudögum og þá verið frá kl. 14:30-16:00 en þá fellur fimmtudagstíminn niður í staðinn. Ef þetta er eitthvað fyrir þig skaltu endilega skrá þig í þetta val 😊



Valblað

Nafn: _____ bekkur: _____

Smiðja

Nú átt þú að velja þér valhópa fram að vori. Þú átt að velja fyrir tvö tímabil þannig að þú þarft að velja 1 tvisvar sinnum, 2 tvisvar og 3 tvisvar sinnum. Reynt er að koma sem flestum í 1. val en ef það tekst ekki þá er notað 2. eða 3. val.

Freestyle	()	Glersmiðja	()
Útsaumur	()	Kökur og kökuskreytingar	()
Hekl og prjón	()	Pokémonsmiðja	()
Fingrasetning	()	Heimavinna	()
Skólahreysti	()	Stærðfræði	()
Íþróttaval	()	Golf	()
Skólablað	()	Skák og bridge	()
Útimatreiðsla	()	Hlutverkaleikur	()
Spilaval	()	Heimurinn í kringum okkur	()
Kátakot	()	Jóga, hugleiðsla og slökun	()
Söngur	()	Verklegar tilraunir og náttúrusk	()
Sphero forritun	()		

Athugið: Ekki verður hægt að breyta vali hjá þeim sem fá það sem þeir völdu svo verið viss um að vilja það sem þið veljið.

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló.

Vinsamlegast skilið valblaðinu fyrir 5. desember 2016